

## FYRIRMÆLI

um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær.

## 1. gr.

Eftirtaldir vegarkaflar skulu teljast aðalbrautir:

1. *Suðurlandsbraut* frá vegamótum Laugarnesvegur að þeim meðtöldum, að Geithálsi, þó að undanskildum vegamótum Mosfellssveitarvegur, sbr. 2. lið, niðurlag.
2. *Mosfellssveitarvegur* frá vegamótum Suðurlandsbrautar innan við Elliðaár að vegamótum Þingvallavegar, að báðum vegamótum meðtöldum. Um hin fyrr töldu vegamót helzt forréttur Mosfellssveitarvegur óskertur, en forréttur Suðurlandsbrautar fellur niður.
3. *Hafnarfjarðarvegur* frá vegamótum Laufásvegur að vegamótum Norðurbrautar ofan við Hafnarfjörð, að báðum vegamótum meðtöldum.
4. *Flugvallarvegur* á Keflavíkflugvelli frá vegamótum Keflavíkurvegar fram hjá flugstöðinni og gegnum aðalíbúðahverfið að mótuneyti starfsmanna vallarins. Við vegamót Keflavíkurvegar skal þó sá vegur hafa forrétt aðalbrautar.

## 2. gr.

Bifreiðar og önnur tæki, sem koma frá vegum, er liggja að aðalbrautum þeim, sem taldar eru í 1. gr., og ætla inn á þær, skulu skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en sveigt er inn á aðalbraut, ef þess er þörf.

## 3. gr.

Sérstök merki skulu sett upp við hver vegamót inn á aðalbraut. Merki skulu vera þannig:

Spjald úr járnplötu á um eins metra hárrí járnstöng þannig gert: Spjaldið er réttur ferhyrningur 46.5 cm á hæð og 31.5 cm á breidd málað gult. Á spjaldið eru máluð með svörtum lit orðin:

STANZ  
AÐAL-  
BRAUT  
STOP

## 4. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum eða varðhaldi eða fangelsi, ef sérstaklega miklar sakir eru.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 5. gr.

Fyrirmæli þessi, sem sett eru samkvæmt heimild í 7. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Fyrirmæli nr. 4 20. jan. 1943 eru felld úr gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 3. apríl 1950.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*